

5. fundur í starfshópi um dagdvöl fyrir heilabilaða.

Haldinn miðvikudaginn 31.október 2018 kl. 8:15 að Strandgötu 6.

Mættir: Valdimar Víðisson, formaður, Auðbjörg Ólafsdóttir, Erla Sigríður Ragnarsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu sat einnig fundinn.

1. Sigðurður fór yfir teikningar af Sólvangi og möguleika á dagþjálfun fyrir aldraða á jarðhæð. Ljóst er að rýmið á Sólvangi er ekki nægilega stórt fyrir dagþjálfun fyrir heilabilaða.
2. Skoðaðar voru teikningar af Strandgötu 75. Þar er laust 240 fermetra rými á sömu hæð og núverandi dagþjálfun er til húsa. Ákveðið að fá eiganda húnæðsins á fund til viðræðna um möguleg afnot af húsnaðinu.

Fundi slitið kl. 9:00.